



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 135/137*

*komudagur 9. 11. 2007*

Alþingi  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. nóvember 2007

### **Efni: Frumvarp um lög um fyrningu kröfuréttinda (67. mál, heildarlög)**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Þar sem frumvarpið er að mestu lögfesting á því sem talið hefur verið gildandi réttur og að með því er nokkuð verið að einfalda reglur frá því sem nú er eru samtökin almennt fylgjandi lögfestingu þess og hafa ekki margar athugasemdir við frumvarpið.

Samtökin vilja þó vekja athygli á nokkrum atriðum í þessu sambandi.

#### **1. Kaupgjald hjúa**

Á kynningarfundum um efni frumvarpsins fyrir nokkru vakti einn fundarmanna máls á því að varhugavert væri að afnema sérákvæði um fyrningu kaupgjalds hjúa, eins og frumvarpið leggur til. Hjúalög nr. 22/1928 bera ákveðnum atvinnuháttum vitni, atvinnuháttum sem ekki lengur eru við lýði. Fæst þeirra ákvæða sem í hjúalögum eru hafa því í dag raunhæfa þýðingu. Þó eru ákvæði hjúalaga um brotthlaup hjúa enn í fullu gildi þegar þeim er beitt með löggjöfnun við brotthlaup starfsmanna. Samtökunum er hins vegar ekki kunnugt um nokkuð dómsmál þar sem ákvæði fyrningarlaga um fyrningu kaupgjalds hjúa hefur verið notað með löggjöfnun um laun starfsmanna. Við innheimtu launa starfsfólks hefur almennt verið beitt 4 ára fyrningarfresti. Sjá samtökin því ekkert til fyrirstöðu að hin gamla regla um fyrningu kaupgjalds hjúa verði afnumin formlega eins og ráðgert er með frumvarpinu.

#### **2. Fyrning krafna vegna innláns eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki.**

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að krafna vegna innláns eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki fyrnist því aðeins að viðtakandi fjármuna geri áður eðlilegar ráðstafanir til að vekja athygli kröfuhafa eða erfingja hans á að krafan sé að fyrnast.

Ekki er óeðlilegt að mæla fyrir um að fjármálafyrirtæki verði á einhvern hátt að vekja athygli kröfuhafa eða erfingja viðkomandi á að krafan sé að fyrnast. Eins og ákvæðið er orðað, er þó mjög óljóst hversu langt fjármálafyrirtækið á að ganga til að uppfylla



skilyrðið. Er það mat SA að ábyrgðarbréf til síðasta þekkt heimilisfangs ætti að vera nægilegt til að uppfylla skilyrðið. Það úrræði sem greinargerðin með frumvarpinu bendir á að fjármálafyrirtæki sé jafnan fær sú leið að stefna til sín handhafa innlánsskilríkis, sbr. 114. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er að mati SA bæði óþjál og óskilvirk. Umrædd leið fellst í því að stjórn fjármálafyrirtækis getur stefnt til sín handhafa innlánsskilríkis með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Þeir sem ákvæði fyrningarlaganna er ætlað að vernda, þ.e.a.s. einstaklingar eru almennt séð ekki lesendur Lögbirtingablaðsins. Þá er einnig mjög ólíklegt að slík tilkynning nái með einhverju móti athygli útlendinga. Í ljósi fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og þar með fjölgunar bankareikninga í eigu útlendinga, kann að reyna meira á fyrningu krafna að þessu tagi en áður og því mikilvægt að lagareglur um slíkt séu skýrar.

### 3. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins er fyrningu slitið þegar kröfuhafi leggur málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Þá segir í 2. mgr. greinarinnar að hið sama skuli gilda þegar mál er borið undir kær- eða umkvörtunarnefnd, sem settar hafa verið á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann er aðili að eða með þáttöku þeirra.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að ofangreint taki bæði til nefnda sem hafa úrskurðarvald í ágreiningi aðila sem og nefndir sem gefa álit um réttarstöðu viðkomandi en fela ekki í sér bindandi niðurstöðu.

Að sögn frumvarpshöfunda á kynningarfundi sem haldinn var um efni frumvarpsins fellur kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa ekki undir þetta ákvæði, en sú nefnd gefur álit um réttarstöðu en kveður ekki upp bindandi úrskurði.

Sú ástæða sem frumvarpshöfundar gáfu upp fyrir því að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa félli ekki þarna undir væri sú að hún væri ekki þannig uppbyggð að hún væri sett á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann er aðili að.

Að áliti SA eru ákvæði 16. gr. frumvarpsins ekki nægilega skýr hvaða stjórnvöld falla undir þessa grein. Hvað varðar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sérstaklega má þannig benda á að SA tilnefni fulltrúa í nefndina svo og Neytendasamtökin. Ef álitsbeiðandi fyrir nefndinni er meðlimur í Neytendasamtökunum og það fyrirtæki sem er kært er í SA ætti málsmeðferð fyrir nefndinni að geta rofið fyrningu, en annars ekki. Er mismunur á réttarstöðu aðila, eftir því hvort álitsbeiðandi er í tilteknu félagi eða það fyrirtæki sem kært er, er í tilteknu starfsgreinasambandi, er óeðlileg.

Verður að telja að þegar metið er hvort fyrning kröfu rofnar vegna meðferðar máls hjá stjórnvaldi sé eðlilegra við það að miða að umrætt stjórnvald eða nefnd sé skipuð með lögum.



Þá má einnig benda á að orðanotkunin "skuldari" í greininni er misvísandi. Þegar um er að ræða mál vegna galla á seldum hlut eða þjónustu er í raun enginn skuldari kröfunnar, a.m.k. ekki á því stigi þegar málið er til meðferðar hjá stjórnvaldi. Annað dæmi sem má nefna sem sýnir hversu misvísandi þessi orðanotkun er, er þegar viðskiptamaður lögmanns skýtur máli til úrskurðarnefndar LMFÍ en þá er viðskiptamaðurinn í raun "skuldari" en ekki lögmaðurinn. Í lögmannalögnum eru reyndar sjálfstæð fyrningarákvæði, en aðrar nefndir geta verið starfandi þar sem vafamál getur verið um hver sé skuldari. Betra væri ef notað væri orð eins og "seljandi vöru og þjónustu".

#### 4. Samspil við kvörtunarfrest laga um neytendakaup nr. 48/2003


Ljóst er að sérlög með ákvæðum um fyrningu eiga almennt að ganga framar almennum lögum um fyrningu kröfuréttinda. Í greinargerðinni með frumvarpinu er miðað við skilgreiningu Ólafs Lárussonar á fyrningu og er hún skilgreind á þann hátt "að réttindi falli niður eða missi réttarvernd sína að meira eða minna leyti fyrir það að þeirra er ekki neytt um tiltekinn tíma og ekki gerðar aðrar ráðstafanir um þau sem að lögum gætu varnað því að þau fyrnist."

Almennt hafa fræðimenn ekki talið fresti sem kaupendur vöru og þjónustu hafa til að kvarta vegna galla í vörum vera fyrningarfrestir í eðli sínu og þar með eigi teljist ákvæði laga með slíkum kvörtunarfrestum ekki vera sérlög með ákvæðum laga um fyrningu sem ganga eigi framar almennum lögum um fyrningu kröfuréttinda.

Því verður þó ekki neitað að ef miðað er við ofangreinda skilgreiningu á fyrningu gætu kvörtunarfrestir átt heima þar undir. A.m.k. væri hægt að halda því fram nema fyrningarlög tækju skýrar á þessu atriði.

Ef sú almenna skoðun að kvörtunarfrestir laga feli ekki í sér ákvæði um fyrningu krafna er lögð til grundvallar er afleiðingin sú að að hin almennu fyrningarákvæði laganna ganga framar ákvæðum laga um neytendakaup nr. 48/2003 um fimm ára kvörtunarfresti í þeim tilvikum þar sem vöru er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þetta getur haft í för með sér að hinn 5 ára kvörtunarfrestur frá sölu hlutarins verði markleysa og í raun stytur niður í fjögur ár. Þar sem krafan væri þegar fyrnd á fjórum árum en slíkar kröfur fyrnast skv. lögnum á fjórum árum frá gjalddaga, þ.e.a.s. frá sölu hlutarins þar sem um er að ræða skaðabótakröfu innan samninga.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.